


SÖGUEYJAN



2. HEFTI



1520

–

1900

KENNSLULEIÐBEININGAR



Til kennara

UM NEMENDABÓK

Sögueyjan 2. hefti er margnota nemendabók sem fjallar um lokaskeið miðalda og fyrstu aldir nýaldar í sögu Íslands. Bókin er ætluð til kennslu á mið- og unglingastigi grunnskóla og er hún hluti af þriggja binda ritröð um sögu Íslands. Fyrsta heftið kom út árið 2009 og fjallaði það um sögu Íslands frá 870–1520. Þriðja heftið kemur til með að fjalla um 20. öldina í sögu Íslands.

Meginmarkmið bókarinnar er að varpa ljósi á íslenskt samfélag frá lokum miðalda til aldamótanna 1900. Frásögnin byggst á tveimur ólíkum forsendum sem þó skarast að miklu leyti.

- Annars vegar er gerð grein fyrir þróun íslensks samfélags í rétttri tímaröð.
- Hins vegar eru tilteknir þættir samfélagsins teknir fyrir og útskýrðir. Bókin er því að mestu í rétttri tímaröð en tímabil hvers kafla markast þó mjög af viðfangsefninu.

Í bókinni er leitast við að draga upp megineinkenni og átakalínur í samfélaginu á hverjum tíma fyrir sig. Efnið er fléttað saman með þeim hætti að nemendur fái tilfinningu fyrir framvindu sögunnar um leið og þeir átti sig á samhengi tiltekinna samfélagsþátta. Aðalatriðið er að veita skýra innsýn í samfélag þar sem nemendur geta áttað sig á lífsskilyrðum almennings og ólíku hlutskipti landsmanna varðandi auð og völd. Einstakir atburðir, ártöl og mannanöfn, skipta því tiltölulega litlu máli einir og sér. Hér er sú leið valin að skilgreina einstaka þætti sögunnar og tengja þá við samfélagslega þróun.

Áhersla er lögð á að setja söguna í erlent samhengi eftir því sem við á. Ísland hefur alltaf tengst Evrópu nánum böndum og því er nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim áhrifum sem þaðan bárust. Mikilvægt er að nemendur átti sig á að hvaða leyti Íslendingar áttu samleið með Evrópubúum og hvaða lönd landsmenn áttu mest samskipti við.

Í bókinni er gerður greinarmunur á sjálfstæði landsins annars vegar og landsmanna hins vegar. Sjálfstæði landsins gagnvart erlendu valdi og frelsi einstaklingsins innanlands er einn af rauðum þráðum bókarinnar. Nemendur þurfa að átta sig á því að þrátt fyrir að Íslendingar væru þegnar Danakonungs hélt landið að verulegu leyti sjálfstæði sínu. Innanlands voru völdin hins vegar að langmestu leyti í höndum innlendra höfðingja sem takmörkuðu mjög athafnafrelsi almennings.

Nemendur þurfa að þekkja helstu atburði sögunnar og geta sett þá í samhengi við samfélagið á hverjum tíma. Einnig er nauðsynlegt að nemendur temji sér gagnrýna hugsun og sjálfstæðar skoðanir. Reynt er að tvinna þessa þætti saman í námsbókinni og kennsluleiðbeiningunum.



Kaflar bókarinnar eru byggðir upp með eftirfarandi hætti:

- Í upphafi eru nokkrar meginspurningar settar fram sem víkja að efni kaflans. Þar næst er farið nokkrum orðum um innihald kaflans. Hvort tveggja er gert til að vekja forvitni nemenda og veita þeim skýrar hugmyndir um efni kaflans.
- Þá kemur kveikja í formi stuttrar sviðsettrar frásagnar þar sem meginefni kaflans er sett fram myndrænt. Með því móti er leitast við að glæða áhuga og skilning nemenda enn frekar.
- Þá fyrst kemur að meginfrásögninni þar sem fjallað er um efni kaflans í tímaröð.
- Í lok kaflans er að finna nokkrar spurningar sem nemendur geta glímt við.

UM KENNSLULEIÐBEINGAR

1. Almennar upplýsingar

Kennsluleiðbeiningarnar skiptast í tvo meginþætti – annars vegar almennar upplýsingar undir liðnum „Til kennara“ og hins vegar leiðarvísir fyrir einstaka kafla námsbókarinnar. Þær hafa það hlutverk að varpa ljósi á meginþætti námsbókarinnar og benda á leiðir til að nýta hana til kennslu og náms. Í þeim texta sem hér kemur fram (Til kennara) er að finna upplýsingar sem eiga við bókina í heild sinni. Þar er greint frá helstu markmiðum bókar og kennsluleiðbeininga auk þess sem fjallað er um kennsluaðferðir og námsmat. Þar næst er að finna upplýsingar um vettvangsferðir og krækjur sem tengjast efni bókarinnar. Að lokum er boðið upp á eyðublöð fyrir foreldra- og kennaramat.

2. Leiðarvísir um kafla bókarinnar

Flestir valkostir innihalda upplýsingar sem eiga sérstaklega við hvern kafla fyrir sig. Þar er að finna helstu markmið kaflans og hugmyndir að umræðuspurningum sem eiga að fá nemendur til að skoða hug sinn og beita ímyndunaraflinu áður en texti námsbókarinnar er lesinn.

Einnig er að finna verkefnablöð með spurningum sem hægt er að prenta út fyrir nemendur. Með spurningunum er markmiðið að hvetja nemendur til að kynna sér námsefnið, velta fyrir sér meginatriðum þess og byggja upp söguþekkingu sína. Svör við verkefnunum er einnig að finna á vef bókarinnar.

Þá má finna hugmyndir að fjölbreyttum verkefnum og útfærslum á efni kaflans. Þar er um að ræða ritunar-, myndmennta-, korta-, tímaás- og leiklistarverkefni sem reyna jafnt á sjálfstæða hugsun og fjölbreytilega framsetningu. Þau verkefni gefa kennurum gott tækifæri til samstarfs í nafni samþættingar námsgreina. Þar má sérstaklega nefna kennara í samfélagsfræði, íslensku og myndmennt.

Sú leið hefur verið valin að hafa verkefni frekar fleiri en færri enda ekki nauðsynlegt að láta nemendur vinna þau öll. Markmiðið er að kennarinn hafi sem mest val auk þess sem hann getur betur miðað við getu og þarfir hvers nemanda. Þá ætti að vera auðveldara að tryggja að allir nemendur hafi næg verkefni.



Hugmyndir um námsmat byggjast á sömu hugmyndafræði og kaflaverkefnum. Áhersla er lögð á fjölbreytilegt og reglulegt námsmat sem endurspeglar þá fjölbreytni sem kemur fram í verkefnum sem finna má á þessari vefsíðu.

KENNSLUAÐFERÐIR

Mikilvægt er að bjóða nemendum upp á margvíslegar leiðir til að vinna með efni bókarinnar. Í krækjunum fyrir einstaka kafla eru hugmyndir að spurningum og verkefnum þar sem ólíkum nálgunum er beitt. Gert er ráð fyrir að kennarar finni sína eigin aðferð við að koma efninu til skila enda eru leiðbeiningarnar fyrst og fremst safn hugmynda. Kennarar hafa þann kost að velja úr því sem þar er, eftir því sem við á, fyrir bekk eða einstaka nemendur. Með því er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Mælt er með því að kennarar ræði efni kaflans ásamt nemendum áður en þeir vinna með hann. Kennari getur valið milli þess að fara munnlega yfir spurningarnar eða að skrifa hugmyndir sem koma frá nemendum á töflu. Það er auðvitað ekki nauðsynlegt að fara yfir allar spurningarnar en aðalatriðið er að virkja nemendur og fá þá til að velja fyrir sér viðfangsefni kaflans áður en þeir kynna sér efni hans.

Spurningar í lok hvers kafla og vinnublöðin byggjast á lestri nemenda. Það er auðvitað engin nauðsyn að láta nemendur svara þeim öllum – slíkt verður kennari að meta hverju sinni. Þá getur kennari valið um að láta nemendur svara þeim hver fyrir sig eða fleiri saman.

Ritunarverkefnum geta jafnt verið heima- eða tímavinna nemenda. Hægt er að velja á milli þess að láta nemendur vinna þau hver fyrir sig eða fleiri saman. Það er til dæmis vel til fallið að láta nemendur setja saman fréttir úr efni kaflans í pörum eða í hópum.

Myndmenntaverkefnum eru tilvalin hópverkefni – sérstaklega þegar um veggspjaldagerð er að ræða. Nemendur geta skipt með sér verkum. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að útvíkka teikniverkefnum – til dæmis með ritun eða fleiri spurningum.

Korta- og tímaásverkefnum geta jafnt verið heima- sem tímaverkefni. Ekki er úr vegi að láta nemendur vinna upp úr fleiri heimildum en námsbókinni. Jafnt getur verið um einstaklings- sem hópverkefni að ræða.

Þegar hópverkefni eru unnin er mikilvægt að kennari setji nemendum skýrar leikreglur svo þeir viti nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim. Ágæt regla er að setja hópunum gátlista sem þeir þurfa að vinna sig eftir. Þá er einnig gott að hóparnir skipuleggi sig þannig að ábyrgð hvers nemanda sé ljós. Gott er að hafa eftirtalda þætti í huga þegar gátlisti er settur saman:

1. hvaða heimildir nemendur eiga að kynna sér
2. úr hvaða spurningum nemendur þurfa að leysa
3. hvernig þeir eiga að setja efnið fram
4. hvernig þeir eiga að skipta með sér verkum
5. hvernig þeir eiga að kynna verkefnið



NÁMSMAT

Miklu skiptir að námsmat sé fjölbreytilegt og endurspegli sem best færni nemenda á ólíkum sviðum. Þannig má í senn ýta undir fjölhæfni og virða ólíkar þarfir nemenda.

Með því að nýta þau fjölbreyttu verkefni sem finna má fyrir hvern kafla bókarinnar er tryggt að nemendur nálgast efnið frá mörgum sjónarhornum. Jafnframt er þess gætt að þeir fái tækifæri til að tjá hug sinn og þekkingu á mismunandi vegu.

Gott er að leggja reglulega mat á vinnu nemenda. Það hvetur nemendur til dáða og veitir mikilvægar upplýsingar um framvindu námsins. Þá ættu nemandi og kennari að átta sig sem best á námsstöðunni og þar með vera í stakk búnir til að haga námi og kennslu eftir þörfum hverju sinni.

Nauðsynlegt er að ákveða fyrir fram hvernig standa skuli að námsmati fyrir veturinn. Kennarar þurfa að koma sér upp skýru matskerfi og gera nemendum grein fyrir því í upphafi skólaárs. Mikilvægt er að skrá frammistöðu nemenda með reglubundnum hætti þegar símat fer fram.

Kennarar geta valið að byggja námsmatið á markmiðum og verkefnum bókarinnar. Þá er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að kennarar að setji fram eigin markmið.

Einnig er gott að láta nemendur meta eigin frammistöðu. Það styrkir oft ábyrgðarkennd þeirra og leiðir til aukinnar vinnusemi. Þegar nemandi veltir eigin getu og frammistöðu fyrir sér fær hann tækifæri til að veita og meta sínar sterku og veiku hliðar.

Í hópstarfi má láta nemendur meta frammistöðu samnemenda sinna. Með því að afhenda nemendum matsblað í upphafi samstarfs má frekar búast við að meðlimir hópsins leggi sig fram.

Þegar kennari metur stærri verkefni nemenda, hvort sem um einstaklings- eða hópverkefni er að ræða, er sjálfsagt að taka tillit til sem flestra þátta. Leggja má mat á traustleika upplýsinga, framsetningu efnis, útlit og frágang og kynningu. Þá ber einnig að hafa í huga mat á vinnu einstakra nemenda annars vegar og hins vegar hópsins í heild.



HUGMYNDABANKI – HVERNIG ER HÆGT AÐ VINNA MEÐ EFNID?

Ritun

- Minningargrein – nemendur skrifa minningargrein um einhverja persónu.
- Æsifrétt – nemendur skrifa frétt af völdum atburði.
- Skrifa á pappír sem búið er að væta með tei (þurfa að vera vandvirk og passa upp á að rífa ekki blöðin). Kynnast því að hafa ekki mikið á milli handanna. Skrifa með fjaðurpennum og bleki.

Upplýsingatækni

- Nemendur semja frétt um atburð og taka hana upp á myndband (video frétt / taka upp og vinna með í upplýsingatækni, samþætting).
- Vefleiðangur – sjá dæmi <http://www.ismennt.is/not/gylfig/anna.html>.
- Hot potatoe er safn nokkurra forrita sem notuð eru til að búa til krossapróf, eyðufyllingaverkefni, krossgátur o.þ.h. (<http://hotpot.uvic.ca/>)
- Power point – örkennsla, samvinnunám. Nemendur fá eina til tvær opnur af handahófi úr bókinni og eiga að draga saman aðalatriðin á 2–3 glærur (Powerpoint). Vinnan ásamt örkynningu fyrir bekkinn á að taka um 80 mín.
- Publisher – búa til bækling (kynning á e-i persónu, t.d höfðingja sbr. frambjóðendum í dag) plaköt, boðskort (t.d. á blót eða á þing).
- Myndvinnsla – stafrænar myndir (sjá útikennsla).
- Stuttmyndir – (movie maker – imovie) – nemendur þurfa að búa til sitt eigið handrit.
- Hreyfimyndir (animation – istop) – hóp er úthlutað efni eða kafla úr bókinni. Nemendur þurfa að búa til sitt eigið handrit að hreyfimyndinni.
- Comic life (myndasaga í Mac) – nemendur taka stafrænar myndir og búa til myndasögu.

Útikennsla

- Nemendur fá úthlutað eða velja sér atburð úr bókinni. Þeir fá myndavél og þurfa að fara í nærumhverfi skólans og leika atburðinn og taka myndir um leið. Myndirnar er hægt að prenta beint út og líma á plakát, þar sem útlitið á því er miðað að einhverju leyti við myndasögur/teiknimyndasögur. Einnig er hægt að vinna myndirnar meira í Photoshop eða á Mac-tölvur en það fer eftir tíma og þekkingu kennara/nemenda.
- Útielldhús – baka brauð yfir eldi, sjóða súpu, búa til smjör (e.t.v. heimilisfræði).

Leikræn tjáning

- Setja sig í spor annarra – hvernig líður fólki t.d. eftir að það hefur drepit einhvern eða misst stóran hluta af skyldmönnum vegna veikinda.



- Uppstilling/stillimynd – vera t.d. fjölskylda og taka myndir. Dæmi fyrir og eftir móðuharðindin.
- Setja á svið og setja sig í spor vissra persóna. Hvernig líður t.d. fólki sem hefur misst stóran hluta af skyldfólki sínu vegna veikinda? Hvernig var að vera vinnuhjú og geta aldrei eignast neitt? Purfa að semja handrit.
- Dans – skemmtanir/leikar – þjóðdansar – tónlist – rímur og kvæði. Nemendur fá ljóðasöfn til þess að skoða og purfa að semja eigin rímur og/eða kvæði. Nemendur fá að hlusta á tónlist sem tengist efninu.

Heimildavinna/upplýsingatækni

- Efnisöflun á neti og bókasafni. Bókin er knöpp og því er nauðsynlegt að afla meiri upplýsinga um vissa efnisþætti. Nýta tækifærið og minna nemendur á gildi þess að velja heimildir af kostgæfni og að nauðsynlegt sé að minnast á allar heimildir í heimildaskrá.

Sérfræðihópar

Nemendum er skipt í hópa og þeir fá visst tímabil, atburð, persónu eða annað til að kynna sér og fjalla um fyrir bekkinn og/eða foreldra. Nemendur þurfa að safna heimildum, vinna texta í fyrirlestur og setja upp Powerpoint-kynningu. Hægt er að nota margvíslegt mat til að meta vinnuna, s.s. sjálfsmat, jafningjamat, foreldramat og kennaramat.

Kynningar

- Böðvar Guðmundsson – fjalla um vesturferðirnar
- Þjóðdansafélagið
- Kvæðamannafélagið lðunn

Viðbótarefni

(N) vísar til þess að viðkomandi titill fæst hjá Námsgagnastofnun

Bækur

Ein grjóthrúga í hafinu (N)
Í fullorðinna tölu (N)
Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar (N)
Lífið fyrr og nú – stutt Íslandssaga (N)
Merkir sögustaðir – Hólar (N)
Merkir sögustaðir – Skálholt (N)
Merkir sögustaðir – Þingvellir (N)
Vesturfara (N)

Hljóðbækur

Í fullorðinna tölu (N)
Ein grjóthrúga í hafinu (N)
Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar (N)
Lífið fyrr og nú – stutt Íslandssaga (N)



Kvikmyndir

Saga Íslands (ókeypis niðurhal – N)
Tyrkjaránið 1–3 (ókeypis niðurhal – N)

Vettvangsferðir – söfn og sögustaðir

Árbæjarsafn – Reykjavík
Burstafell – Vopnafirði
Búvélasafnið – Hvanneyri
Byggðasöfn víða um land
Fransmenn á Íslandi – Fáskrúðsfirði
Galdrasýningin – Hólmavík
Glaumbær – Skagafirði
Grenjaðarstaður – Aðaldal
Heimilisiðnaðarsafnið – Blönduósi
Hólar í Hjaltadal – Skagafirði
Kaupfélagssafnið – Hvolsvelli
Keldur – Rangárvöllum
Minjasafn Egils Ólafssonar – Hnjóti
Minjasafnið Ósvör – Bolungarvík
Nesstofa – Seltjarnarnesi
Nonnahús – Akureyri
Safn Jóns Sigurðssonar – Hrafnseyri
Safnasvæðið – Akranesi
Saltfisksetur Íslands – Grindavík
Sauðfjársetrið á Ströndum – Sævangi
Sjómannagarðurinn Útnesi – Hellissandi
Skálholt – Biskupstungum
Stofnun Árna Magnússonar – Reykjavík
Sænautesel – Jökuldalsheiði
Tækniminjasafn Austurlands – Seyðisfirði
Vesturfarasetrið – Hofsósi
Víðimýrarkirkja – Skagafirði
Þingvellir
Þjóðmenningarhúsið – Reykjavík
Þjóðminjasafn Íslands – Reykjavík
Þuríðarbúð – Stokkseyri



KRÆKJUR

Árbæjarsafn
Árnastofnun
Forn Íslandskort
Galdrasýningin – Hólmavík
Heimilisiðnaðarsafnið – Blönduósi
Hólar í Hjaltadal
Íslenskar þjóðsögur
Jón Sigurðsson
Listi yfir minjasöfn
Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Menning á Íslandi
Minjasafn Egils Ólafssonar – Hnjóti
Minjasafnið á Akureyri
Námshagnastofnun
Nonnahús – Akureyri
Safn Jóns Sigurðssonar – Hrafnseyri
Saltfisksetur Íslands – Grindavík
Sauðfjársetrið á Ströndum
Skálholt
Tækniminjasafn Austurlands – Seyðisfirði
Vesturfarasetrið – Hofsósi
Vísindavefurinn
Þingvellir
Þjóðmenningarhúsið
Þjóðminjasafn Íslands
Þjóðskjalasafn Íslands – skólavefur





FORELDRAMAT

Nafn barns _____ bekkur: _____

Fyrirmæli til nemenda eru alltaf að vanda vinnubrögðin, bæði við innihald og frágang. Því er aðeins hægt að fá hæstu einkunn ef verkefnið fullnægir þeim kröfum.

- Innihald textans þarf að vera í samfelldu og vel skiljanlegu máli og myndskreytingar í samræmi við efnið.
- Frágangur er metinn þannig að verkefnið í heild sé snyrtilegt.

Foreldrar beita sinni einstæðu þekkingu á barni sínu og getu þess til að meta hvort það sé að leggja sig fram og jafnvel að taka framförum. Það er að mörgu að hyggja við mat á verkefnum barna og við kjósum að gagnrýna í merkingunni að rýna til gagns.

Hægt er að fá einkunn á bilinu 1–3 fyrir hvert verkefni.

3	þarf að vera búíð að klára verkefnið og vinna það mjög vel
2	þarf að vera búíð að klára verkefnið
1	þarf að vera byrjað á verkefninu
	Ef ekkert er skráð merkir það að verkefnið hafi ekki verið unnið.

Verkefni	Einkunn	Athugasemdir	Vægi (Stig mögu- leg)
			3
			3
			3
			3
			3
			3
			3
			3
			3
			3

Hefur barnið sýnt námsefninu áhuga? _____

Hefur barnið rætt námsefnið heima eða spurt spurninga sem tengjast því? _____

Finnst þér heimanámið lítið/hæfilegt/mikið? _____

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri? _____

Stig samtals: _____ Stig möguleg = 30 Einkunn: _____

Undirskrift foreldris: _____ dags: _____



1. INNGANGUR

Markmið

Að nemandi átti sig á

- að miðöldum lýkur og nýöld hefst í Evrópusögu um 1500;
- að miðöldum lýkur og nýöld hefst í Íslandssögu um 1550;
- þeim breytingum sem urðu við tímabilaskiptin;
- helstu einkennum nýaldar fram á 19. öld;
- að nútímasamfélag þróaðist seinna á Íslandi en almennt í Evrópu;
- tímaramma bókarinnar.

Kennsla

Útskýra þarf fyrir nemendum að tímabilaskipti verða í sögu Evrópu vegna mikilla breytinga sem áttu sér stað í kringum aldamótin 1500. Þar með lýkur miðöldum og nýöld gengur í garð.

Benda skal nemendum á að hvert Evrópuland hafi sín sérkenni og að almenn þróun innan álfunnar hafi oft komið seinna fram á Íslandi. Þar af leiðandi lýkur miðöldum seinna hérlendis en víða annars staðar í Evrópu.

Sjálfsgagt er að útskýra fyrir nemendum helstu einkenni þeirra breytinga sem réðu tímabilaskiptingunni. Því er gott að fara nokkrum orðum um endurreisnina, landafundina og siðaskiptin.

Þá er ekki úr vegi að fara yfir helstu einkenni nýaldar fram til 19. aldar. Þar með fá nemendur nokkra yfirsýn yfir tímabil bókarinnar. Rétt er að láta umfjöllunina ná jafnt til Evrópu (eða heimsins) sem Íslands.

Umræður

- Hvað vita nemendur um miðaldir? Hafa þeir allir einhverjar hugmyndir um miðaldasögu Íslands?
- Af hverju verða tímabilaskipti í sögunni (eins og þegar nýöld tekur við af miðöldum)?
- Vita nemendur eitthvað um endurreisnina, landafundina og siðaskiptin? Að hvaða leyti eiga þessir þættir við Ísland?
- Hafa nemendur heyrt talað um nýöld? Hvað vita þeir um það tímabil?
- Hvaða breytingar urðu á 19. öld í Evrópu sem leiddu okkur til þess nútímasamfélags sem við búum við? Hvernig fylgdi Ísland þeirri þróun?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 7efni kaflans?



VERKEFNI

Ritun

- Ímyndaðu þér að þú sért blaðamaður sem hefur upplifað þær miklu breytingar sem urðu í Evrópu við lok miðalda og upphaf nýaldar. Skrifðu frétt sem segir frá þessum merku tímamótum eins og þú sérð þau fyrir þér.
- Ímyndaðu þér að þú sért 19. aldar maður sem fær heimsókn frá manni sem ferðast hefur með tímavél. Segjum að gesturinn sé 16. aldar maður sem vilji gjarnan vita hvernig heimurinn hafi þróast á nýöld. Skrifðu frásögn af samskiptum ykkar þar sem fram koma helstu breytingar sem urðu í Evrópu á tímabilinum 1500 til um 1900.

Myndmennt

- Teiknaðu myndir sem skýra út þær breytingar sem urðu í Evrópu við lok miðalda og upphaf nýaldar. Þú getur teiknað myndasýrpu þar sem helstu einkenni endurreisnar, landafunda og siðaskipta koma fram.
- Teiknaðu mynd sem varpar ljósi á þær breytingar sem urðu á fyrstu öldum nýaldar. Þú ræður hvort þú teiknar eina stóra mynd eða myndasýrpu.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

Tímaás

- Myndræn útfærsla á tímaás sett upp í kennslustofunni og atburðir sögunnar smátt og smátt merktir inn á hann um leið og kaflar eru lesnir. Eða hver nemandi gerir sinn eigin tímaás og merkir inn á hann jafnóðum við lestur bókarinnar. Hugmynd að tímaás er að finna undir verkefnum.



2. SIÐASKIPTIN

Markmið

Að nemandi átti sig á

- ástæðunum fyrir siðaskiptum í Evrópu;
- hvernig siðaskiptin gengu fyrir sig á Íslandi;
- helstu einkennum rétttrúnaðarins;
- helstu staðreyndum varðandi galdrafárið.

Kennsla

Gera þarf nemendum grein fyrir orsökum siðaskiptanna í Evrópu. Meginmálið er að fjalla um gagnrýni Lúthers og draga upp þann mun sem var á guðfræði hans og kaþólsku kirkjunnar.

Útskýra skal fyrir nemendum að Danakonungur ætlaðist til þess að þegnar hans tileinkuðu sér mótmælendatrú að hætti Lúthers en að biskuparnir, sem voru valdamestu menn landsins, hafi barist gegn siðaskiptum. Þar sem siðaskiptin gengu nokkuð fljótt fyrir sig í Skálholtsbiskupsdæmi er rétt að segja rækilegar frá valdabaráttu Jóns Arasonar. Nemendur þurfa einnig að átta sig á að siðaskiptin leiddu til þess að auður og völd kirkju minnkuðu en umsvif konungs og veraldlegra íslenskra höfðingja jukust sem því nam.

Benda skal nemendum á þær áherslur sem siðaskiptin og svokallaður rétttrúnaður höfðu í för með sér. Aldarfar 17. aldar var sérstaklega strangt og galdrafárið var eitt afsprengi þess.

Umræður

- Hvað er átt við með siðaskiptum?
- Hver var upphafsmaður siðaskiptanna?
- Af hverju tóku Íslendingar upp lútherskan sið (í staðinn fyrir kaþólskuna)?
- Hvernig gengu siðaskiptin fyrir sig á Íslandi? Hver barðist helst gegn þeim?
- Hafa nemendur heyrt talað um rétttrúnað? Hvað er eiginlega átt við með því?
- Hvað vita nemendur um galdrafárið (galdraöld)?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 13 efni kaflans?



VERKEFNI

Ritun

- Skrifaðu frétt sem segir frá siðaskiptunum í Evrópu. Ímyndaðu þér að þú sért staddur í Þýskalandi sem fréttaritari fyrir íslenskt blað.
- Skrifaðu frásögn af endalokum Jóns Arasonar. Þú ert sjónarvottur að handtöku hans og aftöku. Ímyndaðu þér að þú haldir dagbók um atburðina. Best er ef þú getur sett atburðina í stærra samhengi með því að vísa einnig til þess hvernig siðaskiptin þróuðust á Íslandi.
- Ímyndaðu þér að þú sért að koma frá guðsþjónustu á dögum rétttrúnaðarins og að hugurinn sé fullur af því sem presturinn sagði í predikun sinni. Skrifaðu frásögn af þeirri upplifun eins og þú sérð hana fyrir þér.
- Ímyndaðu þér að þú sért að skrifa sendibréf til einhvers sem þú þekkir. Þar segir þú frá örlögum kunningja þíns sem dæmdur var fyrir galdra.

Myndmennt

- Teiknaðu mynd af siðaskiptunum á Íslandi eins og þú sérð þau fyrir þér. Þú getur valið á milli þess að teikna myndasýrpu eða eina stóra mynd.
- Teiknaðu mynd af messu þar sem prestur er að predika í lítilli sveitakirkju á 17. öld. Þú getur látið sjálfa(n) þig og nokkra bekkjarfélaga vera á meðal kirkjugesta.
- Teiknaðu mynd að eigin vali um galdrafárið.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um hvar galdrabrennur fóru fram hérlendis og merktu inn á kort. Kort er að finna undir verkefnum.

Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga sem tengjast sögu kirkjunnar á Íslandi frá 1520–1900 og merktu inn á tímaásinn.

Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikþátt þar sem koma fram viðhorf Lúthers annars vegar og kaþólsku kirkjunnar hins vegar.



3. KONUNGSVALDIÐ STYRKIST

Markmið

Að nemandi átti sig á

- að konungsvaldið styrktist á fyrstu öldum nýaldar;
- að Danakonungur kom á einokunarverslun á Íslandi;
- að einungis þegar Danakonungs gátu sótt um verslunarleyfi;
- að Danmörk var einveldi um tíma;
- að helstu völd landsins voru áfram í höndum íslenskra stórbænda.

Kennsla

Gera þarf nemendum grein fyrir að ríkisvaldið styrktist jafnt og þétt á nýöld og styrkti það yfirleitt stöðu konunga í Evrópu (England var undantekning en þar fékk þingið aukin völd á kostnað konungs). Margir konungar gerðust einvaldar á 17. öld og var Danakonungur þar á meðal. Einveldið var í raun embættismannaveldi sem gerði auknar kröfur til þegna sinna en dró einnig úr valdi aðalsmanna og höfðingja. Ísland laut einveldi konungs en það breytti því ekki að völd og auður voru að mestu í höndum íslenskra stórbænda.

Skýra skal fyrir nemendum að Danakonungur kom á einokunarverslun á Íslandi svo að hann gæti stjórnað verslun í ríki sínu og haft af henni sem mestar tekjur. Þar sem Íslendingar sóttust ekki eftir að stunda verslun var hún í höndum danskra kaupmanna og rann allur hagnaður hennar til Danmerkur. Íslendingar voru óánægðir með að geta ekki verslað við hvern sem var en konungur reyndi að bæta hag landsmanna með því að setja kaupmönnum reglur sem tóku að vissu marki mið af hagsmunum Íslendinga.

Umræður

- Hversu mikil voru völd konungs og hvernig skyldu þau hafa breyst með tímanum?
- Hvað er einveldi? Gat einn konungur stjórnað heilu ríki einn?
- Hver/hverjir skyldu hafa ráðið mestu á Íslandi?
- Hvað er einokun? Af hverju vildi konungur hafa einokunarverslun á Íslandi?
- Hvað er gott og hvað er vont við einokun í verslun?
- Hvernig fóru viðskiptin fram og hvaða vörur var verslað með?
- Af hverju gerðust Íslendingar ekki sjálfir kaupmenn?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 27 efni kaflans?



VERKEFNI

Ritun

- Skrifaðu frétt af Kópavogsfundinum. Ímyndaðu þér að þú hafir tekið viðtal við nokkra fundarmenn og láttu sjónarmið þeirra koma fram. Endaðu fréttina á því hvað þér finnst um þau sjónarmið sem fram komu.
- Ímyndaðu þér að þú sért íslenskur bóndi og þurfir að versla við tiltekinn kaupmann. Skrifaðu frásögn af því hvað þér finnst um þá verslunarhætti sem voru í landinu á dögum einokunar.
- Ímyndaðu þér að þú sért danskur kaupmaður. Skrifaðu frásögn af viðskiptum þínum við íslenska bændur. Hafðu sérstaklega í huga kvartanir kaupmanna.
- Ímyndaðu þér að þú sért danski kóngurinn. Dag einn skrifaði konungur hugleiðingar um Ísland þar sem viðhorf hans til lands og þjóðar komu vel fram. Það er þitt að ákveða hvað hann skrifaði.

Myndmennt

- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu af Kópavogsfundinum.
- Teiknaðu myndasyrpu eða gerðu veggspjald þar sem einokunarversluninni er lýst. Gættu þess að láta sjónarmið konungs, kaupmanna og Íslendinga koma fram eins og þú sérð þau fyrir þér. Þetta mætti gjarnan gera að hópverkefni.

Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um breytingar sem urðu á stærð danska ríkisins frá 1520-1900 og merktu þær inn á kort. Þú getur notað sér liti fyrir þau svæði sem Danir héldu bara tímabundið og töpuðu með tímanum. Láttu ártöl eða tímabil koma fram eftir því sem við á.

Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um helstu ártöl í danskri sögu frá 1520–1900 og merktu inn á tímaásinn.
- Aflaðu þér upplýsinga um danska konunga frá 1520–1900 og merktu þá inn á tímaásinn sem þér sýnist helst tengjast íslenskri sögu.

Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikpátt þar sem Kópavogsfundinum eru gerð skil.



4. MENNING OG MENNTUN

Markmið

Að nemandi átti sig á

- að með siðaskiptunum lagði kirkjan aukna áherslu á útgáfu trúarrita;
- að húmanisminn leiddi til þess að Íslendingar hófu sagnaritun á ný;
- að íslensk miðaldahandrit vöktu áhuga fræðimanna og að þau voru send úr landi til varðveislu og rannsókna;
- að kirkja og ríkisvald gerðu auknar kröfur til menntunar;
- helstu einkennum upplýsingarinnar.

Kennsla

Gera skal nemendum grein fyrir áherslu lúthersku kirkjunnar á útgáfu trúarrita á íslensku en mikilvægt var talið að gera guðs orð aðgengilegt. Það hafði jafnframt mikið að segja fyrir varðveislu og þróun íslenskrar tungu.

Húmanisminn, sem var afsprengi endurreisnarinnar, barst hingað með siðaskiptunum. Sjálfsgagt er að benda nemendum á að með honum jókst áhugi á fortíð eigin þjóðar. Íslendingar fóru að kynna sér betur eigin miðaldarit auk þess sem sagnaritun hófst á nýjan leik. Rit Arngríms um íslenska miðaldamenningu vakti áhuga erlendra fræðimanna og urðu íslensk miðaldahandrit brátt eftirsótt enda var tekið að safna þeim saman og voru flest þeirra send úr landi – aðallega til Danmerkur og Svíþjóðar.

Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir að kirkja og ríki gerðu auknar kröfur um menntun landsmanna. Þegar konungs áttu að geta kynnt sér guðs orð sem og tilskipanir ríkisins. Leggja skal áherslu á fræðsluferfið sem byggt var upp eftir komu Harboe en samkvæmt því áttu allir að læra lestur og undirstöðu trúarinnar.

Upplýsingin var að mörgu leyti afsprengi húmanismans og vísindabyltingar 17. aldar. Með vísindabyltingunni fóru menntamenn að átta sig á ýmsum lögmálum náttúrunnar. Rétt er að benda nemendum á þessi tengsl en með upplýsingunni fóru menntamenn að fjalla um manneskjuna og samfélagið með vísindalegum hætti. Upplýsingarmenn lögðu áherslu á að bæta samfélagið með því að leggja áherslu á skynsemi og fræðslu. Hérlandis var aukin áhersla lögð á náttúrurannsóknir og útgáfu veraldlegra rita sem áttu að veita almenningi margvíslega fræðslu.



Umræður

- Hafa nemendur heyrt talað um brunann í Kaupmannahöfn/Árnasafni? Hvernig tengist sá bruni Íslandssögunni?
- Af hverju lagði kirkjan aukna áherslu á bókaútgáfu? Hvernig bækur voru gefnar út?
- Hvað dettur nemendum í hug þegar þeir heyra orðið húmanismi?
- Hafa nemendur heyrt tala um Crymogæa (titillinn er á latínu og merkir Ísland)?
- Hvað halda nemendur að útlendingum hafi þótt merkilegast við íslenska menningu?
- Hvað dettur nemendum í hug þegar þeir heyra orðið upplýsing? Vita þeir að það er notað um ákveðna stefnu frá 18. öld?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 37 efni kaflans?

VERKEFNI

Ritun

- Skrifðu frétt af brunanum í Kaupmannahöfn árið 1728. Hafðu Árnasafn sérstaklega í huga þegar þú skrifar fréttina.
- Ímyndaðu þér að þú sért Arngrímur lærði. Þú ert orðinn leiður á alls kyns furðusögum af Íslandi og ákveður að skrifa bók sem segir frá því besta í menningu landsins. Skrifðu frásögn af því hvað ætti að koma fram í þeirri bók.
- Ímyndaðu þér að þú sért danski presturinn Harboe á ferð um landið til að kanna menntunarástand þjóðarinnar. Hann heldur dagbók á meðan á dvölinni stendur og þú átt að skrifa nokkrar dagbókarfærslur þar sem viðhorf hans koma fram.
- Þú ert stórbóndasonur nýkominn til Kaupmannahafnar til að læra við háskólann. Þú skrifar foreldrum þínum bréf þar sem þú lýsir aðstæðum sem og væntingum um hvað taki við að námi loknu.

Myndmennt

- Teiknaðu myndasyrpu eða gerðu veggspjald sem fjallar um gildi íslenskra miðalda-handrita. Hafðu í huga áhuga erlendra manna á handritunum, flutning þeirra úr landi og brunann í Kaupmannahöfn. Þetta getur jafnt verið einstaklings- sem hópverkefni.
- Teiknaðu nokkrar myndir sem þér finnst lýsa sem best viðhorfum upplýsingarinnar.
- Teiknaðu hópmynd af íslenskum stúdentum í Kaupmannahöfn eins og þú sérð þá fyrir þér.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.



Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um helstu menntamenn og skáld og merktu inn á kort hvar þeir fæddust og/eða héldu til mestalla sína æfi.

•

Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um helstu menntamenn og skál frá 1520–1900. Veldu úr þá sem þér finnst skipta mestu máli og merktu inn á tímaásinn hvenær þeir voru uppi. Hægt er að láta nemendur vinna með marga tímaása þar sem hver hefur sitt þema. Þar gæti til dæmis verið um að ræða sálmaskáld, rómantísk skáld, náttúruvísindamenn o.s.frv.

Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikþátt þar sem fjallað er um brunann í Kaupmannahöfn.



5. BÆNDASAMFÉLAGIÐ

Markmið

Að nemandi átti sig á

- helstu einkennum íslenska sveitasamfélagsins;
- þeim mikla mun sem var á félagslegri og efnahagslegri stöðu landsmanna;
- að stjórn landsins var að verulegu leyti í höndum íslenskra bændahöfðingja;
- að þeir sem ekki voru bændur nutu lítilla réttinda enda ríkti ekki atvinnufrelsi í landinu;
- að margvíslegar hörmungar höfðu oft mikil áhrif á líf þjóðarinnar enda féllu oft þúsundir manna af þeirra völdum;

Kennsla

Mikilvægt er að nemendur átti sig á að Ísland var sveitasamfélag þar sem bændur réðu ríkjum. Þarfir landbúnaðarins voru ráðandi en sjávarútvegur var fyrst og fremst aukabúgrein bænda. Þjóðin bjó við sjálfsþurftarþúskaþap þar sem allar afurðir voru gjörnýttar enda gátu menn ekki leyft sér mikla verslun.

Útskýra þarf fyrir nemendum að auður (jarðeignir) og völd samfélagsins voru að mestu í höndum fámennrar innlendrar yfirstéttar (stórbændur). Bændur, sem flestir voru leiguliðar, voru forrættindahópur því þeim einum var ætlað að stofna heimili og fjölskyldur. Þess vegna stefndu flestir að því að gerast bændur.

Greina skal nemendum frá því að hér hafi ekki ríkt atvinnufrelsi. Þeir sem ekki áttu jörð áttu að segja sig í vist hjá bændum sem vinnufólk. Þar með komu bændur í veg fyrir þéttbýlismyndun og sjálfstætt atvinnulíf en þó var alltaf eitthvað um fólk sem lifði utan við þetta viðtekna kerfi.

Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir að þjóðin var mjög berskjölduð fyrir alls kyns áföllum svo sem sjúkdómum, náttúruhamförum og harðæri (veðurhörku). Í mörgum tilfellum létust þúsundir landsmanna á nokkrum misserum.

Umræður

- Hvað vita nemendur um bændasamfélagið? Hvað einkenndi það?
- Vita nemendur hvað átt er við með sjálfsþurftarþúskaþap?
- Var einhver munur á auði og völdum manna? Hverjir skyldu hafa átt mest og ráðið mestu?
- Hvað gerðu þeir sem ekki voru bændur? Hvernig ætli staða þeirra hafi verið?
- Af hverju var ekkert þéttbýli á Íslandi á fyrri öldum eins og var í öðrum Evrópuríkjum?
- Vita nemendur að oft fækkaði landsmönnum verulega. Af hverju gerðist það?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 47 efni kaflans?



VERKEFNI

Ritun

- Ímyndaðu þér að þú komist í ferðalag um íslenskt sveitasamfélag fyrri alda í gegnum tímavél. Skrifaðu frásögn af því sem fyrir augu ber. Hafðu sérstaklega í huga helstu einkenni sveitasamfélagsins.
- Hópverkefni þar sem hver hópur tekur fyrir eina stétt í landinu og aflar upplýsinga um helstu einkenni hennar. Síðan eru niðurstöður kynntar fyrir bekknum. Einnig má gera veggspjald sem prýtt er myndum og texta. Til dæmis er hægt að miða við stóreignabændur, leiguliða, vinnufólk, lausamenn og búðsetufólk, fátæklinga og flakkara.
- Skrifaðu frétt af hörmungum í landinu. Þú getur til dæmis miðað við móðu-harðindin. Reyndu að setja þig í spor landsmanna við slíkar aðstæður.

Myndmennt

- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu af íslenska sveitasamfélaginu. Hafðu í huga við hvað fólk starfaði, hvernig það bjó og hvað það nýtti sér til matar. Þetta gæti hæglega orðið veggspjald sem vinna má í hópum.
- Teiknaðu myndir af helstu stéttum landsins. Þú getur teiknað stórbónda, leiguliða, vinnufólk o.s.frv.
- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu af hörmungum sem landsmenn áttu við að glíma. Hafðu í huga sjúkdómsfaraldra, harðæri og náttúruhamfarir. Velja má milli þess að taka allt fyrir eða velja eitt atriði. Þá má einnig gera þetta að hópverkefni, t.d. með gerð veggspjalds.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um móðuharðindin. Merktu inn á kort þau svæði sem máli skipta. Hafðu sérstaklega í huga hvar eldgosíð (Skaftáreldar) átti sér stað og hvert hraunið rann.
- Tímaás
- Aflaðu þér upplýsinga um helstu hörmungar sem gengu yfir landið á fyrri öldum, sem leiddu til mikils mannfalls, og skráðu þær inn á tímaásinn.

Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikpátt sem sýnir ólíkt hlutskipti ólíkra hópa bændasamfélagsins. Þar gætu til dæmis verið fulltrúar bænda, vinnufólks, ómaga og flækjunga.
- Nemendur búa til leikpátt sem fjallar um þær hörmungar sem þjóðin var oft ofurseld. Þar má til dæmis hafa móðuharðindin í huga.



6. REYKJAVÍKUR SEM HÖFUÐSTAÐUR

Markmið

Að nemandi átti sig á

- helstu markmiðum og einkennum Innréttinganna;
- að Innréttingarnar mörkuðu upphaf þéttbýlis í Reykjavík (og á Íslandi);
- að eftir móðuharðindin var ákveðið að byggja upp höfuðstað þar sem helstu embætti og stofnanir landsins hefðu aðsetur;
- að Reykjavík eflist mjög á 19. öld – einkum vegna vaxandi sjávarútvegs en einnig vegna aukinnar verslunar og þjónustu.

Kennsla

Fræða þarf nemendur um að Innréttingarnar voru fjölþætt fyrirtæki sem áttu að efla atvinnulíf landsmanna. Hugmyndin kom frá dönskum og íslenskum embættismönnum og fengust miklir styrkir frá Danakonungi til verkefnisins. Dönum var mikið í mun að efla hag landsins enda styrkti það danska ríkið og því má segja að verkefnið hafi átt að bæta kjör landsmanna og um leið að hækka skatttekjur konungs.

Benda þarf nemendum á að þó að rekstur Innréttinganna hafi ekki gengið upp þá mörkuðu þær upphaf þéttbýlis í Reykjavík. Eftir móðuharðindin var ákveðið að efla Reykjavík sem höfuðstað og voru helstu embætti og stofnanir landsins fluttar þangað með tímanum.

Gera skal nemendum grein fyrir að Reykvíkingum fjölgaði mjög á 19. öld. Aukinn sjávarútvegur skipti þar mestu máli en einnig aukin verslun og þjónusta. Sérstaklega tók Reykvíkingum að fjölga undir lok aldarinnar en á þeim tíma var þéttbýli tekið að myndast um land allt enda var sjávarútvegur þá orðinn sjálfstæð atvinnugrein (sbr umfjöllun níunda kafla).

Umræður

- Vita nemendur eitthvað um Innréttingarnar og Skúla Magnússon?
- Hvenær halda nemendur að þéttbýli hafi byrjað að myndast í Reykjavík?
- Vita nemendur hvað varð til þess að þéttbýli myndaðist í Reykjavík?
- Hvenær fór verulegt þéttbýli að myndast í Reykjavík? Hvað skyldi hafa leitt til þess?
- Hvað halda nemendur að margir hafi búið í Reykjavík um aldamótin 1900?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 55 efni kaflans?



VERKEFNI

Ritun

- Skrifaðu frétt sem segir frá stofnun Innréttinganna og þeim vonum sem menn bundu við þær.
- Ímyndaðu þér að þú sért embættismaður í Reykjavík um aldamótin 1800. Skrifaðu frásögn sem lýsir hugmyndum þínum um þann höfuðstað sem var að byrja að myndast á þeim tíma.
- Ímyndaðu þér að þú sért nýfluttur til Reykjavíkur um aldamótin 1900. Ættingjar þínir og vinir búi úti í sveit við hefðbundinn búskap. Skrifaðu sendibréf sem gæti verið til þeirra um það hvernig þú upplifir bæinn.

Myndmennt

- Búðu til myndasögu af Innréttingunum eins og þú sérð þær fyrir þér. Einnig má útvíkka vinnuna sem hópverkefni þar sem nemendur leita sér frekari heimilda. Nemendur geta t.d. gert veggspjald þar sem þeir gera grein fyrir sögu og starfsemi Innréttinganna í máli og myndum. Sjálfsagt er að láta nemendur kynna verkefnið í lokin.
- Hópverkefni þar sem nemendur afla sér upplýsinga um vöxt og einkenni Reykjavíkur fram til aldamótanna 1900. Um getur verið að ræða veggspjald og/eða kynningu þar sem nemendur segja frá í máli og myndum.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

Kort

- Merktu inn á Íslandskort þá staði sem tengjast Innréttingunum.

Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um mikilvæga atburði í sögu Reykjavíkur og merktu inn á tímaásinn.

Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikpátt um Innréttingarnar. Skúli, konungur og fleiri gætu komið þar fram og viðrað hugmyndir sínar um framkvæmdina.
- Nemendur búa til leikpátt um gamalt fólk í Reykjavík sem hefur fylgst með því hvernig þéttbýli varð smám saman til.



7. SJÁLFSTÆÐISBARÁTTAN

Markmið

- Að nemandi átti sig á
- að valdarán Jörgens Jörgensen tengdist að mörgu leyti hugmyndum frönsku stjórnarbyltingarinnar;
 - hvað átt er við með þjóðrækni og hvernig hún kom fram á Íslandi;
 - að þjóðernisstefnan barst hingað til lands í gegnum íslenska menntamenn í Danmörku;
 - að fyrsta þjóðerniskrafan var endurreisn Alþingis (eftir stofnun ráðgjafarþinga í Danmörku);
 - að Íslendingar kröfðust þess að fá löggjafar- og framkvæmdavaldið frá konungi eftir að hann hafði lagt einveldi sitt niður;
 - að Íslendingar fengu löggjafarvaldið til landsins þegar Danir afhentu landsmönnum stjórnarskrána;
 - að stjórnarskráin kvað á um ýmis mannréttindi (sem voru meiri en íslenskir þingmenn höfðu verið tilbúnir til að veita almenningi).

Kennsla

Sjálfsagt er að tengja valdarán Jörgensens við frönsku stjórnarbyltinguna enda setti hann fram ýmsar hugmyndir sem tóku greinilega mið af henni, svo sem sjálfstæði og lýðræði. Viðbrögð Íslendinga sýna að þeir voru ekki farnir að velta þeim hlutum fyrir sér enda erfitt í fátæku, fámennu og dreifðu samfélagi.

Benda skal nemendum á að Íslendingar hafi litið á sig sem sérstaka þjóð þó að þeir hafi ekki hugleitt sjálfstæði. Mörg ríki Evrópu voru fjölþjóðleg og því var staða Íslendinga fjarri því að vera einstök. Landsmenn voru því margir þjóðræknir og sjálfsagt að nemendur þekki til þess.

Mikilvægt er að nemendur átti sig á að sjálfstæðisbaráttan hófst á meðal íslenskra menntamanna í Danmörku þar sem þeir kynntust evrópsku þjóðernisstefnunni sem kom fram á þessum tíma.

Útlista skal fyrir nemendum hvernig sjálfstæðisbaráttan þróaðist. Fyrst kom krafan um endurreisn Alþingis sem skyldi fá sama hlutverk og hin nýstofnuðu dönsku ráðgjafarþing. Eftir að konungur lagði niður einveldi sitt gerðu Íslendingar kröfu til að fá löggjafar- og framkvæmdavaldið til landsins sem hefði þýtt algjöra stjórn innri mála. Íslendingar fengu löggjafarvaldið með stjórnarskránni og framkvæmdavaldið með heimastjórninni.

Sjálfsagt er að greina nemendum frá þeim mannréttindum sem stjórnarskráin boðaði að landsmenn skyldu njóta. Í því sambandi er hollt að hafa í huga að Danir sýndu meira frjálshlyndi viðvíkjandi réttindum og frelsi einstaklingsins en íslensk valdastétt sem vildi halda bændasamfélaginu í föstum skorðum.



Umræður

- Hafa nemendur heyrt um frönsku stjórnarbyltinguna? Út á hvað gekk hún?
- Hvað vita nemendur um Jörund hundadagakonung?
- Hvað er þjóðrækni í huga nemenda?
- Hvað er þjóðernisstefna og hvenær fóru Íslendingar að krefjast aukins sjálfstæðis?
- Hvað einkenndi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga? Hverjar voru kröfurnar?
- Af hverju er Jón Sigurðsson álitinn sjálfstæðishetja? Eru stjórn málaforingja mikilvægir í sögunni eða er vafasamt að hefja þá á stall sem sérstakar frelsishetjur?
- Hver er munurinn á þjóðfrelsis- og lýðræðisbaráttu? Er víst að innlend stjórn komi betur fram við almenning en erlend stjórn?
- Hvað er átt við með stjórnarskrá? Hvaða þýðingu hafði stjórnarskráin fyrir Íslendinga?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 69 efni kaflans?

VERKEFNI

Ritun

- Skrifaðu frétt sem segir frá valdaráni Jörundar hundadagakonungs. Reyndu um leið að lýsa hvernig stjórn hann virðist hafa viljað koma á í landinu.
- Ímyndaðu þér að þú sért einn af Fjölnismönnum. Þú þarft að skrifa grein í Fjölni sem ber vott um þjóðrækni og þjóðernisstefnu. Skrifaðu stutta grein.
- Ímyndaðu þér að þú sért á þjóðfundinum. Þú ræður hvort þú ert íslenskur þingmaður eða fulltrúi konungs. Eftir fundinn skrifar þú bréf til vinar þíns. Skrifaðu bréfið.
- Ímyndaðu þér að þú sért Jón Sigurðsson. Hann er að velta fyrir sér framtíð þjóðarinnar og þeim ólíku viðhorfum sem hann og bændur höfðu um stjórn landsins. Skrifaðu dagbókarfærslu fyrir hans hönd þar sem þessar hugleiðingar koma fram.

Myndmennt

- Útbúðu myndasögu af valdaráni Jörundar hundadagakonungs.
- Teiknaðu myndasyrpu þar sem segir af samskiptum Rasmus Christian Rask við Íslendinga.
- Hópverkefni þar sem hver hópur tekur fyrir tiltekinn þátt sjálfstæðisbaráttunnar. Sjálfsagt er að láta nemendur afla frekari upplýsinga en fram koma í bókinni. Nemendur gætu t.d. gert veggspjald í máli og myndum og kynnt verkefnið fyrir bekknum í lokin. Það mætti skipta verkefnum niður á hópa, til dæmis:
- Franska stjórnarbyltingin, valdarán Jörundar og þjóðrækni.
- Þjóðernisstefnan og Alþingi endurreist.
- Einveldi afnumið og þjóðfundurinn.
- Stöðulögin og stjórnarskrá.



Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um hvar evrópskar byltingar áttu sér stað (frá 1789–1900) og merktu þær inn á kort.
- Aflaðu þér upplýsinga um þjóðir Evrópu sem lutu erlendu valdi og merktu þær inn á kort. Þú getur einnig merkt inn á kortið hvenær viðkomandi þjóðir fengu sjálfstæði.

Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um evrópskar byltingar (frá 1789–1900) og merktu inn á tímaásinn.
- Aflaðu þér upplýsinga um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld. Merktu inn á tímaásinn þau ártöl sem þú telur skipta mestu máli.

Leikræn tjáning

- Nemendur eiga að útbúa leikrit um þjóðfundinn þar sem málstaður Dana og Íslendinga kemur fram. Hugmyndir Dana eru kynntar fyrir fundinum og íslensku þingmennirnir bregðast við með því að haldra fram málstað Íslendinga. Jón Sigurðsson er helsti fulltrúi Íslendinga en nokkrir konungkjörnir þingmenn vilja fara hæggar í sakirnar. Umræður dragast á langinn og að lokum er konungsfulltrúa nóg boðið svo að hann slítur fundi. Lokaorðin eru: „Við mótmælum allir“.



8. EFNAHAGSFRELSI

Markmið

Að nemandi átti sig á

- að eftir að einokun var aflétt máttu allir þegnar Danakonungs versla á Íslandi (en aðrir ekki);
- að krafan um frjálsa verslun varð ríkjandi viðhorf í Evrópu á 19. öld;
- að krafan um frjálsa verslun varð hluti af sjálfstæðisbaráttu Íslendinga;
- að efnahagslegt sjálfstæði var ekki síður mikilvægt en pólitískt sjálfstæði;
- að utanríkisverslun Íslendinga jókst mjög á 19. öld;
- að verslun var gefin frjáls og færðist smám saman á íslenskar hendur á seinni hluta 19. aldar.

Kennsla

Benda skal nemendum á að eftir að einokun lauk var aftur hægt að bjóða upp á samkeppni í verslun. Rétt er að geta þess að sú regla var enn við lýði að einungis þegnar Danakonungs máttu stunda verslun á Íslandi.

Nemendur þurfa að átta sig á að verslun varð æ mikilvægari eftir því sem leið á 19. öldina enda fór hagur þjóðarinnar batnandi. Utanríkisverslun jókst mikið á þeim tíma enda hafði heimsverslun aukist og vörur urðu yfirleitt ódýrari með tímanum.

Sjálfsgagt er að gera nemendum grein fyrir því að krafan um verslunarfrelsi varð ríkjandi í Evrópu á þessum tíma en áður hafði verslunareinokun og viðskiptahömlur þótt sjálfsgáðar. Íslenskir menntamenn í Danmörku kynntust þessum viðhorfum og áttu frumkvæði að kröfunni um að Íslendingum væri heimilt að versla beint við önnur ríki.

Rétt er að benda nemendum á að verslun var lengi í höndum Dana eftir að hún var gefin frjáls. Sauðasalan og kaupfélögin voru hins vegar upphaf þess að Íslendingar tækju eigin verslun í sínar hendur. Þegar leið að aldamótunum 1900 voru flestar verslanir komnar í hendur Íslendinga.

Umræður

- Muna nemendur eftir kaupauðgisstefnunni? Hvað einkenndi hana?
- Á 19. öld varð sú skoðun ríkjandi í Evrópu að frjáls verslun væri best fyrir hag þjóða. Af hverju komust menn á þá skoðun?
- Vita nemendur hvað breyttist þegar einokunarverslunin var afnumin?
- Verslun jókst mjög á 19. öld. Hvaða áhrif skyldi það hafa haft á neyslumenningu landsmanna? Hvað keyptu þeir og seldu?
- Hafa nemendur heyrt um sauðasöluna og kaupfélögin? Hvað breyttist með því?
- Hvenær halda nemendur að verslun hafi orðið meira og minna íslensk?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 77 efni kaflans?



VERKEFNI

Ritun

- Skrifaðu frétt um að verslun hafi verið gefin frjáls á Íslandi. Láttu koma fram hugmyndir um hverju það breytti fyrir landsmenn.
- Ímyndaðu þér að þú sért íslenskur bóndi sem selur sauði til Bretlands. Í stað þess að eiga vöruskipti við kaupmann færðu í fyrsta skipti peninga sem þú getur notað hvar sem er. Skrifaðu frásögn sem lýsir upplifun þinni. Þú getur valið milli þess að skrifa dagbókarfærslu eða sendibréf til einhvers sem þú þekkir.
- Skrifaðu fréttaskýringu sem skýrir frá því hvernig verslunin færðist smám saman á innlendar hendur.

Myndmennt

- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu sem sýnir þær neysluvörur sem Íslendingar keyptu helst á 19. öld. Þú getur valið á milli þess að teikna vörurnar einar og sér eða að hafa fólk með sem er að kaupa eða nýta sér vörurnar.
- Hópverkefni þar sem nemendur kynna sér utanríkisviðskipti Íslendinga á 19. öld. Nemendur geta til dæmis aflað sér upplýsinga um hvað var flutt inn og út, hvaðan innfluttar vörur komu, hvert útfluttar vörur fóru og hversu mikil aukning varð á verslun á þessum tíma. Hver og einn hópur fær sitt þema og gerir veggspjald þar sem efninu er lýst í máli og myndum. Að lokum er efnið kynnt fyrir bekknum. Einnig má sleppa veggspjaldinu og láta kynningu duga.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um hvar og hvenær kaupfélög voru stofnuð á 19. öld og merktu inn á kort.

Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um stofnun verslana og kaupfélaga á Íslandi á 19. öld og merktu inn á tímaásinn.

Leikræn tjáning

- Nemendur setja upp leikþátt sem fjallar um verslun bænda. Hægt er að velja á milli þess að þeir fari til kaupmannsins og leggi inn vörur en taki aðrar út í staðinn eða að þeir eigi viðskipti við breska sauðakaupmenn. Þá má einnig setja upp leikþátt þar sem bændur hittast og stofna kaupfélag í sameiningu. Þar þyrftu að koma fram ástæður fyrir kaupfélagsstofnuninni.



9. ENDALOK BÆNDASAMFÉLAGSINS

Markmið

Að nemandi átti sig á að

- iðnbyltingin leiddi til aukinnar verslunar og þéttbýlismyndunar í Evrópu;;
- áhrif iðnbyltingar komu tiltölulega seint fram á Íslandi
- íslensk stjórnsmál á síðasta fjórðungi 19. aldar snerust einkum um að fá framkvæmdavaldið til landsins;
- íslenskir þingmenn reyndu að viðhalda sveitasamfélaginu og koma í veg fyrir að frjálslynd viðhorf næðu að skjóta rótum hérlandis;
- fjöldi manna flutti til Ameríku þar sem sveitasamfélagið var hætt að geta tekið við þeirri fólksfjölgun sem átti sér stað í landinu;
- undir lok 19. aldar var bændasamfélagið endanlega komið í þrot enda var þéttbýli tekið að myndast en það byggðist einkum á sjálfstæðum sjávarútvegi;
- sjálfsþurftarbúskapur vék fyrir markaðsbúskap (kapítalisma);
- meiri áhersla var lögð á samfélagsuppbyggingu en áður hafði verið gert;
- Íslendingar fengu framkvæmdavaldið í eigin hendur og þar með heimastjórn.

Kennsla

Sjálfsagt er að greina nemendum frá þeim breytingum sem urðu með iðnbyltingunni sem hófst í Bretlandi undir lok 18. aldar og barst til Evrópu og Norður-Ameríku á 19. öld. Með henni stórkjóst framleiðsla og verslun, fólk fluttist úr sveitum í þéttbýli, vinna manna var í auknum mæli utan veggja heimilisins og markaðshagkerfið tók við af sjálfsþurftarbúskap.

Iðnbyltingin hóf ekki innreið sína á Íslandi fyrr en um aldamótin 1900. Nemendur þurfa að vita að nokkrar breytingar urðu samt sem áður á 19. öld en þá jókst verslun mjög og landsmönnum fjölgaði meira en áður.

Benda skal nemendum á að bændasamfélagið hafi verið komið í þrot á seinni hluta 19. aldar. Sveitir landsins réðu ekki við þá miklu fjölgun sem varð í landinu en íslenskir ráðamenn reyndu samt sem áður að verja bændasamfélagið og reyndu hvað þeir gátu að koma í veg fyrir þéttbýlismyndun og atvinnufrelsi. Dönsk stjórnvöld voru frjálslynd viðvíkjandi einstaklingsfrelsi og lögðu mun meiri áherslu á réttindi almennings en íslenskir ráðamenn.

Gera þarf nemendum grein fyrir að þar sem fjöldi manna sá ekki fram á að geta átt bjarta framtíð á Íslandi fluttust fjölmargir til Ameríku. Landsmönnum hélt samt sem áður áfram að fjölga og þar kom að bændasamfélagið fékk ekki staðist lengur. Undir lok aldarinnar tók fólk að mynda þéttbýli við sjávarsíðuna þar sem sjávarútvegur varð að sjálfstæðri atvinnugrein (í stað þess að vera einungis aukabúgrein bænda). Markaðshagkerfi og iðnbylting voru að hefja innreið sína en þar með voru stigin fyrstu skrefin til nútímalegri samfélagshátta.

Benda skal nemendum á að helsta baráttumál þingmanna var krafan um að fá framkvæmdavaldið til landsins. Sú skoðun fékk hins vegar vaxandi fylgi að meiri áherslu bæri að leggja á verklegar framkvæmdir til að styrkja innviði samfélagsins. Á þessum tíma urðu



raunar töluverðar framfarir í þeim eignum en mörgum þótti þó hægt ganga. Krafa um framkvæmdavaldið náði hins vegar fram að ganga þegar stjórnarskipti urðu í Danmörku eftir að þingræði var tekið upp þar í landi. Í kjölfarið fengu Íslendingar heimastjórn.

Umræður

- Hafa nemendur heyrt talað um iðnbyltinguna? Gera þeir sér grein fyrir afleiðingum hennar?
- Vita nemendur að íslenskir ráðamenn reyndu að viðhalda bændasamfélaginu í lengstu lög og þar með að koma í veg fyrir þéttbýlismyndun og atvinnufrelsi?
- Gera nemendur sér grein fyrir að dönsk stjórnvöld höfðu meiri áhuga á að auka réttindi almennings en íslenskir ráðamenn?
- Hvað vita nemendur um Ameríkuferðirnar? Vita þeir að margir yfirgáfu land þar sem þeir sáu ekki fram á bjarta framtíð hérlandis?
- Af hverju leið bændasamfélagið undir lok? Hvenær tók Ísland sín fyrstu skref í nútímaátt?
- Vita nemendur hvenær Íslendingar fengu heimastjórn? Hvaða breytingar urðu með henni?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 88 efni kaflans?

VERKEFNI

Ritun

- Skrifaðu frétt sem segir frá iðnbyltingunni og áhrifum hennar.
- Ímyndaðu þér að þú horfir upp á endalok bændasamfélagsins á seinni hluta 19. aldar. Skrifaðu frásögn af því hvað þér finnst um það ásamt hugleiðingu um það samfélag sem var að mótast. Þú ræður hvort þú ert bóndi, vinnumaður eða einhver annar/önnur.
- Ímyndaðu þér að þú sért fyrsti ráðherra Íslands eftir að landið fékk heimastjórn. Hvað ertu að hugsa fyrsta daginn sem þú gengur að skrifstofu þinni í stjórnarráðinu? Skrifaðu stutta hugleiðingu.

Myndmennt

- Hópverkefni þar sem nemendur fjalla um endalok bændasamfélagsins. Einn hópur gæti tekið fyrir sjónarmið ólíkra hópa svo sem bænda, vinnufólks og danskra stjórnvalda. Einnig mætti taka fyrir tiltekin efni svo sem ástæður fyrir endalokunum, Ameríkuferðir og þéttbýli. Einnig mætti hafa heiðarbylin í huga. Sjálfsgagt er að nemendur afli frekari upplýsinga en fram koma í bókinni. Hver hópur getur til dæmis gert veggspjald þar sem gerð er grein fyrir efninu í máli og myndum. Að lokum er efnið kynnt fyrir bekknum. Einnig má sleppa veggspjaldinu og láta kynningu duga.
- Teiknaðu myndasýrpu sem lýsir ólíkum viðhorfum danskra stjórnvalda annars vegar og íslenskra ráðamanna hins vegar til einstaklingsfrelsis.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.



Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um iðnvæðinguna og þéttbýlismyndun í Evrópu og merktu inn á kort. Miðaðu við hvenær iðnvæðing er sögð hefjast í hverju landi fyrir sig og láttu hvert tímabil iðnvæðingar fá sinn lit á kortinu. Merktu inn á kortið helstu borgir og undirstrikaðu allar borgir sem höfðu meira en milljón íbúa um aldamótin 1900.

Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um hvenær iðnvæðing hófst í tilteknum löndum og merktu inn á tímaásinn.
- Aflaðu þér upplýsinga um hversu margar borgir náðu milljón íbúum á 19. öld og merktu á tímaásinn.

Leikræn tjáning

- Nemendur setja upp leikþátt sem fjallar um endalok bændasamfélagsins. Þar gætu komið fram viðhorf bænda, vinnufólks og danskra stjórnvalda.



MATSLISTI KENNARA

Lokaeinkunn

Nafn barns: _____ bekkur: _____

Námsmat mun fara fram jafnóðum (símat). Gefin eru stig fyrir hvert verkefni sem lokið er. Hægt er að fá einkunn á bilinu 1–3 fyrir hvert verkefni.

3	Þarf að vera búið að klára verkefnið og vinna það mjög vel
2	Þarf að vera búið að klára verkefnið
1	Þarf að vera byrjað á verkefninu
	Ef ekkert er skráð merkir það að verkefnið hafi ekki verið unnið.

Auk þessa meta nemendur vinnu sína í verkefninu á þar til gert blað.

Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	
Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	
Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	
Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	
Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	

Verkefni	Einkunn	Athugasemdir	Vægi %
Meðaltal úr einstaklingsverkefnum (10)			15
Skyndipróf úr hluta bókar			15
Próf með bók/svindlpróf			5
Munnlegt próf úr sérfræðihópavinnu			10
Foreldramat á sýningu og verkefnum			5
Lokapróf úr bókinni			40
Kynning			10

Einkunn: _____

Undirskrift kennara: _____ dags: _____